

Reglugjörð

71
3. júní

handa forðagæslumönnum í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Forðagæslumenn skulu vera:

- í Auðkúluhreppi 2,
- í Þingeyrarhreppi 1,
- í Mýrahreppi 1,
- í Mosvallahreppi 2,
- í Suðureyrarhreppi 1.

2. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á heimili hvert, sem honum er falið til umsjónar; í fyrra sinn fyrir miðjan nóvember og í seinna sinni á tímabilinu frá 15. mars til 15. apríl. Þar að auki skal hann kynna sjer að vorinu fyrningar og skepnuhöld, án þess þó að gjöra sjer sjerstaka ferð til þess, nema brýna nauðsyn beri til, eða hreppsnefnd óski þess. Venjulega skal hann láta nægja munnlegar eða skriflegar tilkynningar hlutaðeigenda, er þeir láti honum í tje ár hvert fyrir fardaga.

3. gr.

Í hverri skoðunarferð skal forðagæslumaður athuga peningsfjölda hvers búanda og meðferð hans á skepnunum. Hann skal rannsaka heybirgðir og aðrar fóðurbirgðir á heimili hverju, svo og húsakynni fyrir búpening.

Aukaferðir skal forðagæslumaður fara, eftir því sem þörf krefur, á heimili þau, sem í þröng lenda.

4. gr.

Í hreppi hverjum skal forðagæslumaður vera umsjónarmaður forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Færa skal forðagæslumaður allar skoðanagjörðir sínar í partil gjörða bók. Eftir hverja skoðun skal hann tilkynna hreppsnefnd brjeflega hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir. Ef þörf gjörist á aukaskoðunum, skal hann jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers hann verður visari, og hveirrar hjálpar sje þörf.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanns að gefa hverjum búanda holl ráð og

71 bendingar um heyásetning og skepnuhirðingu. Gefa skal hann hverjum búanda
3. júní vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og hirðingu. Vitnisburður þessi sje gefinn með tölunum 6, 5, 4, 3, 2 og 1, sem þýði: ágætlega, vel, sæmilega, laklega, illa og afarilla. Skal hann þvínæst senda sýslumanni, sem fyrst eftir fardaga, aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda.

Á næstu hreppskilum, eða almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skal forðagæslumaður fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefnd, alt að 2 kr. um dag hvern, sem hann er í skoðunarferðum, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

8. gr.

Ef búandi kemst í fódurþröng, eða búpeningur reynist í slæmu standi, skal forðagæslumaður hvetja búanda til þess að ráða bót á því. Sje hvergi fódur að fá, skal hann ráða búanda hverju farga skuli af búpeningnum.

9. gr.

Ef búandi er í fódurþröng, og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla fódurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum.

10. gr.

Verði fjenaður horaður eða falli úr hor, og sje að álitu forðagæslumanns um að kenna fódurskortu, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra.

11. gr.

Forðagæslumaður á heimtingu á því að allir þeir, er búpening hafa undir hendi, til fódurs eða hagagöngu, hafi hann viðlátinn á þeim tíma sem forðagæslumaður tiltekur.

12. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum samkvæmt 12. gr. laga um forðagæslu nr. 44, 10. nóvember 1913.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum um forðagæslu frá 2. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.